

Handritin okkar

Sæll kæri skrifari.

Nú átt þú að skrifa upp eitt erindi úr Völuspá.

Völuspá er eldgamalt kvæði sem varðveist hefur í Konungsbók eddukvæða frá 1270.

Í kvæðinu er spákona nokkur (völva) að segja Óðni sögur af því hvernig heimurinn varð til og spáir svo fyrir um heimsenda (ragnarök). Kvæðið er 67 vísur í heild en þú þarft bara að skrifa upp eina vísu.

Þetta svæði kallast spássía.
Gömlu skrifarnir skrifuðu
stundum sinn eigin texta á
spássíur.
Skrifa þú nú spássíutexta.
Hvernig líður þér með þetta
verkefni? Hvað ertu að hugsa?
Þú mátt líka teikna.


Ask veit eg standa,
heitir Yggdrasill,
hár baðmur, ausinn
hvíta auri;
þaðan koma döggar
þær er í dala falla,
stendur æ yfir grænn
Urðarbrunni.



Handritin okkar

Ari fróði Þorgilsson skrifaði Íslendingabók sína á 12. öld. Hún fjallaði m.a. um landnámsmenn Íslands, stofnun Alþingis og landnám á Grænlandi.

Ef bókin væri að koma út í dag yrði hún án efa metsölubók. Hvernig myndi hún líta út? Hannaðu bókarkápu.



Titill bókarinnar

Nafn höfundar


Myndskreyting

Handritin okkar

Þá og nú

Berðu saman miðaldir og nútímann.
Hvað hefur breyst. Þú mátt skrifa eða teikna skýringarmyndir.

Miðaldir	Í nútímanum
	skriffæri
	nám
	bókaútgáfa
	efni til að skrifa á



Handritin okkar

Er Árni Magnússon sönn hetja?

Já

Nei

Settu hring utan um það orð sem lýsir þinni skoðun og færðu rök fyrir máli þínu.

Inngangur:

Mér finnst ...

Rök

Rök

Rök

Lokaorð